

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Ólafur Friðriksson
Skúlagata 4
150 REYKJAVÍK
Ísland

Garðabær, 21. janúar 2015
2015010022/42-9
OKN, TB
jgo/tb

Ósk um innflutning á frjóeggjum fræhæna frá Noregi, umsögn

Vísað er til bréfs frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 14. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um heimild til að flytja inn 100 frjó egg fræhæna, *Coturnix japonica*, frá Noregi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir innsend gögn þ.m.t. góða greinargerð Ólafs Einarssonar um lífshætti fræhænu þar sem m.a. lagt er mat á þá áhættu að flytja tegundina inn til landsins. Gert er ráð fyrir að rækta tegundina innanhúss og að fuglar muni ekki ganga lausir úti. Rétt er að taka fram að hér er ekki sótt um leyfi til að sleppa fuglunum út í íslenska náttúru enda ekki heimilt að veita slíkt leyfi nema með sérstöku leyfi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í samræmi við 41. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Náttúrufræðistofnun tekur undir það sem kemur fram í framangreindri greinargerð að fræhæna er ekki flokkuð sem ágeng tegund. Tegundin mun auk þess að öllum líkindum eiga erfitt uppdráttar í íslenskri náttúru, sleppi fuglar úr ræktun, þar sem Ísland er vel norðan við náttúruleg heimkynni tegundarinnar og litlar líkur á að hér geti myndast lífvænlegur stofn. Fræhænur eru til á Íslandi og hafa verið hér í áratugi í haldi. Benda má á reynslu frá Bandaríkjunum þar sem fuglum af þessari tegund hefur verið sleppt í þúsunda tali í þeim tilgangi að koma upp varpstofni en án árangurs.

Þar sem ætlunin er að flytja inn frjóvguð egg ætti sýkingarhætta að vera lítil ef egg eru flutt inn frá stöðum þar sem þau hafa verið vottuð laus við sjúkdóma. Það er því viðbúið að þau sníkjudýr og sóttkveikjur sem fuglarnir fá á lífsleiðinni verði af innlendum uppruna. Sé fyllstu varúðar gætt í innflutningi og farið að ströngustu skilyrðum til að koma í veg fyrir að sjúkdómar og sníkjudýr berist til landsins sér Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að leggjast gegn innflutning á frjóeggjum fræhæna frá Noregi. Rétt er að fylgjast einnig með heilbrigði fuglanna eftir að þeir eru vaxnir úr grasi til að rannsaka hvort sóttkveikjur eða sníkjudýr hafi borist með eggjunum.



Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

